

Menning

Menning


Menning

Menning

hópa unnir af svo mikilli snilli að sýningargestinn langar ósjálfrátt að fara um þá höndum, bera þá við ljósið og hafa þá heim með sér. Aðhorfandanum flýgur í hug hvort glermunir af þessu tagi séu ekki nútímaleg hlíðstæða listmuna þeirra sem gull og silfursmiðir smíðuðu höfðingjum til forna og skreyttu með eðalsteinum — nema hvað glerid er ólíkt ódýrara.

Sem lofar góðu. . .

Það væri ósanngjarnt að bera íslenska nytjahluti úr gleri saman við þessi djásn. Sigrún og Sören eru í raun þau einu sem standast samanburð við kollega sína á hinum Norðurlöndunum. Hins vegar er ýmislegt að gerast í glerskálum Þíu Rakelar Sverrisdóttur sem vert er að fylgjast með og þrjár krukur Svöfu B. Einarsdóttur, skreyttar fingerðu mynstri, lofa góðu. Íslendingarnir hafa sig mest í frammi í gerð steindra glermynda, bæði í Norræna húsinu og Kjarvalsstöðum, og þar hafa þeir óneitanlega vinninginn yfir norræna kollega sína — bæði hvað magn og gæði snertir. Ekkert verk á sýningunum jafnast reyndar á við glerdreka og drekabörn Leifs Breiðfjörð en þar fer saman stórkostlegt hugarflug og gagnvandað handverk.



Sigrún Ó. Einarsdóttir — Án titils, 1985.

Leifur lætur ekki þar við sitja og sýnir tvö áhrifamikil verk í viðbót, „Flugfisk“ að Kjarvalsstöðum og „Mephisto“ í Norræna húsinu.

Eigin stíll og markmið

Af yngri kollegum hans í hinu steinda gleri er Sigríður Ásgeirsdóttir í

raun sá eini sem fundið hefur eigin stíll og markmið. Hinir stóru gluggar hennar, í Norræna húsinu (afleitlega staðsettur) og að Kjarvalsstöðum, eru voldug verk, hugsuð eins og tvískiptar altaristöflur þar sem sterkar láréttar og lóðréttar áherslur eru brotnar af taktföstum „öldugangi“ hvelfdra forma um flötinn. Ingunn Benedikts-

dóttir þykir mér ofnota spegla í verkum sínum og Halla Haraldsdóttir er enn varla nema byrjandi í glerlistinni. Lísbet Sveinsdóttir gerir glermyndir af öðru tagi þar sem megináherslur eru markaðar með málningu, ekki blýfölsu. Sjálfum fannst mér meira til um verk hennar í Norræna húsinu en að Kjarvalsstöðum.

Í skúlptúrum Brynhildar Þorgeirsdóttur er meiri skúlptúr en gler og verk Rúríar gengur líka meira út á annað og meira en sjálfan miðilinn. Báðar koma þær tvífeldar út úr þessari sýningu.


Stórbrötin

Verk Steinunnar Þórarinsdóttur eru ekki nógu mörg hér til að gefa greinargóða mynd af afstöðu hennar til glers, en „Minning“ hennar er óneitanlega stórbrötið verk ef hægt er að nota það lýsingarorð yfir glerverk. Sjálf drífjörð sýninganna, Sigrún Ó. Einarsdóttir, kemur heldur betur á óvart með glerskúlptúrum sem eru allsendis ólíkir öllu því sem áður hefur sést eftir hana. Steypir hún andlit sjálfrar sín í gler, gerir úr því slitrótta andlitssvítu, „úthverfan“ andlitsskúlptúr auk eins innilokaðs andlits.

Sören S. Larsen bætir sömuleiðis við sig með hengimyndum úr mislitu gleri sem bifast er loftið leikur um þær. Þíu Rakel nær einnig að beisla andblæinn með sannfærandi hætti.

Vist er að eftir þessar sýningar geta Íslendingar varla verið þekktir fyrir að líta glermyndlist sömu augum og áður.

AI



Yfirlitsmynd frá sýningu „Nordisk Glas '85“ í Norræna húsinu.

„Það virðist eins og við séum í þann veginn að gleyma lærdóminum af nasismanum í Evrópu.“

að gefa lausan tauminn, í pólitík og stríðsrekstri, hvötum sem borgaralegt og sósíalískt samfélag halda niðri (af því að þær eru taldar ópólitískar eða andpólitískar). Á ég þar við hvatir, svo sem fordóma, óhöflega singirni, grimmd, eyðileggingarþörf, uppreisnar- og byltingarþörf, dagdrauma, þörf fyrir að láta aðra segja sér fyrir verkum og taka ábyrgðina, drápshvöt og sjálfseyðingarhvöt, en einnig ótakmarkaða trúmennsku, föðurlandsást, fórnfýsi og hugsjónamennsku. Stríð Þjóðverja virðist skipbrot rómantísku stefnunnar í evrópskum stjórnmálum og ósigur þeirra og dauði Hitlers fá á sig yfirbragð wagnerskrar óperu. Að visu mislíkar mönnum enn hvað nasistar drápu mikið af gyðingum, annars eru þeir kannski orðnir lítt aðgreinanlegir frá kúrekum, víkingum og öðrum hernaðarhyggjuhetjum kvikmyndahémsins. Því miður virðist þó sem sjálf helför gyðinganna sé að breytast í

almennt minnismerki um áhrifamátt dauðans og eyðingarmátt nútímans. Það virðist að við séum í þann veginn að gleyma lærdóminum af nasismanum í Evrópu: Að stjórnmál er ekki hægt að reka eins og óperu eftir Wagner. Slíkt leiddi til dæmalausrar upplausnar og eyðileggingarstríðs og var alltaf einfeldningsleg og óraunsæ stjórnmálalausn miðað við kapitalisma og sósíalisma. Tryggvi V. Lindal

**PAKSTAL**  
sem setur svip  
Á HÚSIÐ

Leitið upplýsinga:  
**BREIÐFJÖRÐ**  
BLIKKSMÍÐJA - STEYPUMÓT - VERKÞALLAR  
SÍGUNI 7 - 121 REYK JAVÍK - SÍMI 29022


# MALLORCA

Í beinu dagflugi

## Royal Jardin del Mar



er stórt og glæsilegt íbúðahótel sem stendur við ströndina í Santa Ponsa. Gist er í íbúðum með stofu og svefnherbergi, baði og eldhúsi, sem eru vel og fallega búin. Svalir með húsgögnum eru við hverja íbúð. Sólbaðssvæði eru með ágætum og í tengslum við þau sérstakt leiksvæði með leiktækjum og vaðlaug fyrir börnin. Veitingaað-



staða er jafnt úti sem inni. A kvöldin leikur hljómsveit fyrir dansi í hótelgarðinum. Örstutt er í góðan matvörumarkað og í bænum Santa Ponsa eru fjölbreytt tækifæri til tómstundaíðkana.

## Hvers vegna Mallorca?

Mallorca, úti fyrir ströndu Spánar, í safirbláu Miðjarðarhafinu, býður þér hvíld og frið, kjósirðu það. Hún geymir líka óteljandi möguleika til skemmtana, hverju nafni sem þær nefnast. Hún býr yfir menningarlegu, sögulegu gildi fyrir þá sem heillast af nýjum kynnum og leyfa fróðleiksfýsninni að ráða ferðinni. Hún kynnir þig fyrir spennandi viðfangsefnum, á sjó og landi; hér hafa margir uppgötvað ánægjuna af tennisleik, sjóskíðum og golfi svo ekki sé minnst á siglingar og fallhlífavífi. Hún býður til ógleymanlegrar veislu í mat og drykk og gleymir ekki þörfum barnanna. Þau geta unað við hvers kyns lystisemdir á ströndinni, farið í dýragarð og fjölbreytt sæðýrasafn, svo nokkuð sé nefnt. Og það er óhætt að fullyrða að eyjaskeggjar eru sérlega barngóðir. — Það er ekki að ástæðulausu að fjöldi ánægðra viðskiptavina ATLANTIK kys Mallorca, ár eftir ár.

**Reyndu Mallorca — Þú iðrast þess ekki**

**VERÐ FRÁ KR. 23.800,-**  
Barnaafsláttur:  
2ja til 12 ára 50%  
12 til 15 ára 30%  
Ath. Næsta brottför er 27. maí.  
Örfá sæti laus.

**Brottfarardagar 1985:**  
Maí 27., nokkur sæti laus  
Júní 17., 10. sæti laus  
Júlí 8., 29.  
Ágúst 19., 5 sæti laus  
Sept. 9., 30.  
Okt. 21.  
Flugtak kl. 10 að morgni.

# ATLANTIK

FERÐASKRIFSTOFA, Iðnaðarhúsinu Hallveigarstig 1. Símar 28388 og 28580